

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

IS EQUUS HLUTABRÉF HS.
FJÁRFESTINGARSJÓÐUR

Útboðslýsing

Nóvember 2020

EFNISYFIRLIT

Tilkynning til fjárfesta	4
Upplýsingar um IS EQUUS Hlutabréf	5
Heiti, stofndagur, deildaskipting, varnarþing o.fl.	5
Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna sjóðsins.....	5
Reglulegar upplýsingar og skýrslur.....	5
Skattareglur	5
Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings	5
Einkenni hlutdeildarskírteina, eðli réttinda	5
Lausafjárstýring og innlausnarréttur	6
Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina	6
Reglur um mat eigna	6
Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini	7
Þóknunir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina.....	7
Umsjónarlaun til rekstraraðila, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður.....	7
Íslandssjóðir hf.....	8
Útvistuð verkefni	8
Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.....	9
Endurskoðendur Íslandssjóða hf. og IS EQUUS Hlutabréfa	9
Vörsluaðili	9
Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla	10
Ýmsar upplýsingar.....	10
Markmið, fjárfestingarstefna, fjárfestingarheimildir, eignasamsetning, fjárfestingaraðferð, árangur, áhættuþættir o.fl.....	11
Markmið, fjárfestingarstefna og fjárfestingarheimildir	11
Sundurliðun fjárfestingarheimilda skv. fjárfestingarstefnu.....	12
Viðmið	12
Fjárfestingaraðferð	12
Breytingar á fjárfestingaraðferð eða fjárfestingarstefnu sjóðsins	12
Árangur.....	12
Fyrri árangur sjóðsins	13
Ársávöxtun IS EQUUS Hlutabréfa	13
Fyrir hvern er sjóðurinn?.....	13
Fjárfesting í afleiðum	13
Áhættustig sjóðsins	14
Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum	14
Reglur fyrir IS EQUUS Hlutabréf	16
I. kafli: Heiti, tegund, rekstrarform og deildaskipting	16
II. kafli: Rekstraraðili	16
III. kafli: Markmið, fjárfestingarstefna og fjárfestingarheimildir	16
IV. kafli: Vörsluaðili	18
V. kafli: Þóknun rekstraraðila	18

VI. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn	18
VII. kafli: Samruni, slit og breyting á reglum	19
Útdráttur úr lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða	21
Úr X. kafla B: Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða	21

TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóðsins **IS EQUUS Hlutabréf hs.** (hér eftir „IS EQUUS Hlutabréf“ eða „sjóðurinn“) er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar af kostgæfni, sem og fylgiskjöl hennar. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst. Minnt er á að kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættu sem er að finna í útboðslýsingunni.

Útboðslýsinguna skal á engan hátt skoða sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Íslandssjóða hf. eða annarra.


Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum, við mat á hlutdeildarskírteinum IS EQUUS Hlutabréfum sem fjárfestingarkosti.

Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutdeildarskírteini IS EQUUS Hlutabréfum.


Útboðslýsing þessi er unnin í samræmi við lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Útboðslýsingin er uppfærð a.m.k. einu sinni á ári.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf., kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, lýsir því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir og að í hana vanti engin mikilvæg atriði er áhrif geti haft á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Kópavogi, 17. nóvember 2020


Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri

Stjórn Íslandssjóða hf.


Tanya Zharov
Jensína Kristín Böðvarsdóttir
Kristján Björgvinsson
Sigurður B. Stefánsson

UPPLÝSINGAR UM IS EQUUS HLUTABRÉF

Heiti, stofndagur, deildaskipting, varnarþing o.fl.

Sjóðurinn heitir **IS EQUUS Hlutabréf hs.**, kt. 690517-9570. Sjóðurinn er rekinn í formi hlutdeildarsjóðs og var stofnaður í júní 2017. IS EQUUS Hlutabréf starfar í einni sjóðsdeild. Sjóðurinn hefur staðfestu á Íslandi. Um sjóðinn gilda íslensk lög og er varnarþing sjóðsins í Reykjavík. Um viðurkenningu og fullnustu dóma milli ríkja gilda lög nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

Íslandssjóðir hf. er rekstraraðili sjóðsins. Íslandssjóðir hf., var upprunalega stofnað árið 1994 (Rekstrarfélag VÍB hf.), vegna rekstrar á Verðbréfasjóðum Íslandsbanka hf. Nafni félagsins var breytt í Glitnir sjóðir í apríl 2006 og í Íslandssjóði 8. apríl 2009.

Markmið, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefna sjóðsins

Lýsingu á markmiði, fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefnu IS EQUUS Hlutabréfa er að finna á blaðsíðu 11.

Reglulegar upplýsingar og skýrslur

Útboðslýsingin, lykilupplýsingar, ársreikningar og árshlutareikningar liggja frammi á skrifstofu Íslandsbanka hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Reglur sjóðsins er að finna með útboðslýsingu þessari. Framangreind skjöl má einnig nálgast á heimasíðu Íslandssjóða: www.islandssjodir.is.

Fjárfestum í sjóðnum verður reglulega veittar upplýsingar um áhættusnið og aðrar upplýsingar skv. 47. gr. laga nr. 45/2020 sem hluti af ársreikningi eða í reglubundnum upplýsingablöðum sjóðsins til fjárfesta. Upplýsingar þessar eru veittar að lágmarki árlega.

Skattareglur

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Frekari skattlagning getur þó komið til. Íslandsbanki, vörsluaðili Íslandssjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og geti tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðnum.

Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings

Upplýsingar um sjóðinn birtast í ársreikningi og árshlutareikningi Íslandssjóða hf. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal ársreikningur birtur fyrir lok mars hvert ár og árshlutareikningur fyrir lok ágúst ár hvert.

Einkenni hlutdeildarskírteina, eðli réttinda

Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga jafnan rétt til tekna og eigna hans í hlutfalli við hlutdeild sína. Eignir sjóðsins skiptast m.v. fjölda útgefina eininga. Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því. En óski eigandi ekki eftir útgáfu hlutdeildarskírteina fær hann í

hendur skriflega kvittun fyrir eignarhlutdeild sinni í sjóðnum þar sem fram kemur kaupverð í íslenskum krónum, fjöldi hluta í sjóðnum og gengi á keyptum hlutum. Hlutdeildarskírteinishafar eiga rétt til tekna og eigna sjóðsins í samræmi við reglur sjóðsins, sbr. 74. gr. laga nr. 45/2020. Einingum í sjóðnum fylgir ekki atkvæðisréttur. Verðgildi einnar einingar í sjóðsdeild var 1.000 við stofnun. Verðgildi einnar einingar breytist síðan í takt við ávöxtun. Grunnmynt sjóðsins er íslensk króna.

Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum. Til fullnustu skuldbindinga sjóðsins standa einungis eignir sjóðsins. Rekstraraðili og vörsluaðili sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Í bókhaldi og ársreikningum rekstraraðilans er eignum og skuldbindingum sjóðsins haldið aðskildum frá öðrum eignum félagsins og sjóðum á vegum þess.

Lausafjárstýring og innlausnarréttur

Lausafjárstýring sjóðsins er undir eftirliti áhættustýringar Íslandssjóða. Sjóðstjórum ber að tryggja að það sé nægt laust fé og auðseljanlegar eignir á hverjum tíma til að geta staðið við innlausnir. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða öðrum auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar.

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu innlausnarvirði í sjóðnum. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóðurinn staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur yfir en nauðsyn krefur. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og auglýst opinberlega.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina

Innlausnarvirði sjóðsins er heildarmarkaðsvirði eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað daglega á virkum dögum. Innlausnarvirði og sölugengi birtast á vef Íslandssjóða, www.islandssjodir.is og á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is.

Reglur um mat eigna

Mat á eignum sjóðsdeilda fer eftir lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstraraðila en starfrækt er verðmatsnefnd innan Íslandssjóða. Verðmat er háð eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda.

Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini IS EQUUS Hlutabréf er hægt að kaupa og innleysa hjá Íslandsbanka, Hagasmára 3, Kópavogi, eða í útibúum Íslandsbanka hf. á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Einnig er hægt að eiga viðskipti og leggja fram pantanir í Netbanka Íslandsbanka www.islandsbanki.is. Hlutdeildarskírteini eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum (T+2). Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum.

Sjóðurinn býður ekki upp á útgáfu hlutdeildarskírteina í formi rafbréfa og hlutdeildarskírteini eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

Þóknunir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina

Við kaup á hlutdeildarskírteinum greiðist upphafsgjald sem rennur að fullu til söluaðila sjóðsins. Hámarkshlutfall upphafsgjalds er 2% og rennur það að fullu til söluaðila sjóðsins. IS EQUUS Hlutabréf greiðir ekkert upphafsgjald vegna viðskipta með aðra sjóði í rekstri Íslandssjóða. Upphafsgjald skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka er 2% við útgáfu þessarar lýsingar.

Söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Hámark afgreiðslugjalds sem söluaðila er heimilt að innheimta er 1.500 kr. og rennur það að fullu til söluaðila sjóðsins. Afgreiðslugjald skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka er 1.000 kr. við útgáfu þessarar lýsingar.

Umsjónarlaun til rekstraraðila, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður

Fyrir rekstur IS EQUUS Hlutabréf greiðir sjóðurinn Íslandssjóðum hf. umsjónarlaun sem eru ákveðinn hundruðshluti af eignum. Í rekstri sjóðsins felast m.a. eignastýring sjóðsins, áhættustýring, umsýsla, þ.e. bókhald og lögræðiþjónusta, mat á verðmæti eigna, innra eftirlit, viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina, útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina, þjónusta við eigendur o.fl. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðsins. Umsjónarlaun sjóðsins eru 1,85%. Umsjónarlaun eru innheimt mánaðarlega.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í umsjónarlaunum og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Íslandssjóðir hf. geta krafðið sjóðinn um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, aðkeyptrar lögræðiþjónustu, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl. en að hámarki 0,5% árlega. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins. Nýjustu upplýsingar um viðvarandi gjöld er að finna í lykilupplýsingum sjóðsins.

Íslandssjóðir hf. hafa, í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 45/2020, samíð við Íslandsbanka hf. um sölu hlutdeildarskírteina og þjónustu við viðskiptavini. Einnig hafa Íslandssjóðir hf., í samræmi við ákvæði 32. gr. IV. kafla laga nr. 45/2020, samíð við Íslandsbanka hf. um að vera vörsluaðili sjóðsins. Hlutverk vörsluaðila er m.a. að varðveita fjármálageringa sjóða. Fyrir þjónustuna greiða Íslandssjóðir hf. þóknun.

Fyrir vörslu eigna sjóðsins skal sjóðurinn jafnframt greiða vörslugjöld til vörsluaðila skv. vaxta- og verðskrá verðbréfaþjónustu Íslandsbanka en að hámarki 0,1%. Sjóðurinn hefur samíð um 25% afslátt af innlendri verðbréfaeign og er þóknunin við útgáfu þessarar lýsingar 0,03375%. Vörslugjöld eru reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Ekki eru greidd vörslugjöld af innlánum eða lausu fé sjóðsins.

Annar kostnaður sem getur komið til er viðskiptakostnaður, miðlunarpóknanir og vextir. Sjóðurinn greiðir slíkan kostnað þegar hann fellur til. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins og skal að hámarki vera 5% á ári.

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

Íslandssjóðir hf., kennitala 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt 7. tölul. 1.mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, sbr. B-lið II. kafla laga nr. 128/2011 og starfar einnig skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða¹. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf.

Íslandssjóðir hf. var upprunalega stofnað árið 1994 (Rekstrarfélag VÍB hf.) vegna rekstrar á Verðbréfasjóðum Íslandsbanka hf. Félagið sér um daglegan rekstur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða, sbr. 17. grein laga um verðbréfasjóði nr. 128/2011 og 9. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nánar tiltekið verðbréfasjóðanna IS Veltusafn, IS Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán, IS Ríkisskuldabréf meðallöng, IS Ríkisskuldabréf löng, IS Úrvalsvísitölusjóður, IS Heimssafn, IS Eignasafn og IS Eignasafn – Ríki og sjóðir og fjárfestingarsjóðanna IS Lausafjár safn, IS Skuldabréfasafn, IS Ríkisskuldabréf óverðtryggð, IS Sértryggð skuldabréf, IS Sértryggð skuldabréf VTR, IS Græn skuldabréf, IS Hlutabréfasjóður, IS EQUUS Hlutabréf og IS Einkasöfn.

Hlutfé félagsins er 25 milljónir króna og hefur það allt verið greitt.

Þar sem Íslandssjóðir eru rekstrarfélag verðbréfasjóða gildir 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 varðandi eiginfjárgrunn, auk þess sem félagið er með til staðar tilskilið eiginfjárgrunnsálag sem nær yfir áhættuna af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar. Endurskoðendur og Fjármálaeftirlitið hefur reglubundið eftirlit með að eiginfjárlutfall uppfylli skilyrði laga. Eiginfjárlutfall félagsins er birt í árs- og hálfársreikningi hverju sinni.

Útvistuð verkefni

Á grundvelli 29. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020 hafa Íslandssjóðir hf. gert útvistunarsamninga við Íslandsbanka hf. um að sjá um afmörkuð verkefni fyrir félagið, en nánar tiltekið er um að ræða verkefni skv. a., b., d., e., g., h., og i. liða 1. tölul. og 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna. Íslandsbanki hf. sér m.a. um markaðssetningu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina

og aðra þjónustu við viðskiptavini, útreikning á innlausnarvirði og viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina og uppgjör viðskipta.

Einnig sér Íslandsbanki um innheimtu umsjónarlauna og vörsluþóknunar fyrir sjóðinn. Svið Regluvörslu og Innri endurskoðunar Íslandsbanka sinnir jafnframt ákveðnum eftirlitsþáttum fyrir félagið á grundvelli útvistunarsamninga.

Íslandsbanki hf. er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabanka-starfssemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, markaðsviðskipti, eignafjármögnun og eignastýring. Íslandsbanki hf. má eiga eignarhluti í félögum sbr. 22. og 28. gr. sömu laga. Bankinn er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir eru í eigu Íslandsbanka. Hagsmunaárekstrar geta hugsanlega komið upp þegar fjármálafyrirtæki og/eða starfsmenn þess þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og eru í aðstöðu til að láta einn aðila í betri aðstöðu á kostnað annars aðila. Í starfsemi fjármálafyrirtækja geta t.d. skapast

¹ Íslandssjóðir starfa á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 45/2020 þar sem við dagsetningu þessarar lýsingar hefur félagið ekki hlotið starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða, en umsókn þess efnis er til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu.

kringumstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna, fjármálafyrirtækisins eða sjóðs eru ekki þeir sömu. Íslandssjóðum er skylt að gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Íslandssjóða. Dreigið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga.

Þrátt fyrir að Íslandssjóðir hf. feli Íslandsbanka hf. hluta af verkefnum sínum skv. 9. gr. laga nr. 45/2020 hefur það engin áhrif á ábyrgð Íslandssjóða hf. gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina í IS EQUUS Hlutabréfum. Íslandssjóðir hf. bera fulla ábyrgð á úrlausn og framkvæmd verkefna Íslandsbanka hf. gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina í IS EQUUS Hlutabréfum.

Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.

Stjórnarmenn: Jensína Kristín Böðvarsdóttir, kt. 190369-4049, BA í auglýsingafræði, MBA.

Kristján Björgvinsson, kt. 090664-3019, viðskiptafræðingur M.Sc., löggiltur endurskoðandi.

Sigurður B. Stefánsson kt. 250247-4949, hagfræðingur Ph.D.

Tanya Zharov, kt. 080966-4749, lögfræðingur.

Varamenn: Jón Eðvald Malmquist, kt. 071074-4639, lögmaður.

Hólmfríður Einarsdóttir, kt: 030972-2959, viðskiptafræðingur.

Framkvæmdastjóri: Kjartan Smári Höskuldsson, kt. 220380-4169, BA í sálfræði, MA í alþjóðaviðskiptum.

Endurskoðendur Íslandssjóða hf. og IS EQUUS Hlutabréfa

Endurskoðendur félagsins eru Ernst & Young hf., kt. 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. Skyldur endurskoðenda eru m.a. óháð endurskoðun árs- og árshlutareikninga og framkvæmd könnunaraðgerða í tengslum við reikningana.

VÖRSLUAÐILI

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 45/2020 skal rekstraraðili tryggja að fyrir sérhvern sérhæfðan sjóð sem hann rekur sé skipaður einn vörsluaðili. Samkvæmt 33. gr. laganna geta meðal annars viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrtingar og verðbréfaþyrtingar hlotið viðurkenningu sem vörsluaðili. Vörsluaðili IS EQUUS Hlutabréfa er Íslandsbanki hf., kennitala 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Íslandsbanki hf. er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfssemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, markaðsviðskipti, eignafjármögnun og eignastýring. Íslandsbanki hf. má eiga eignarhluti í félögum sbr. 22. og 28. gr. sömu laga. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggi samþykki stjórnar Íslandssjóða hf.

Skyldur vörsluaðila felast m.a. í því að vakta sjóðstreymi sjóðs, tryggja að allir fjármunir séu lagðir inn á reikninga sjóðsins, varðveita alla fjármálagerninga sjóðs, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum. Jafnframt ber vörsluaðila að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fari samkvæmt lögum og reglum sjóðs, framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög og reglur sjóðsins, tryggja að í viðskiptum með eignir fjárfestingarsjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tekjur sjóðsins séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart sjóðnum og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans glatast. Vörsluaðili ber jafnframt ábyrgð á öðru tjóni sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sjóðnum eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna. Beri vörsluaðili bótaábyrgð gagnvart fjárfesti í sjóðnum getur bótakröfu fjárfestis verið beint að vörsluaðila af hálfu sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hans hönd.

STEFNA UM FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

Íslandssjóðir hafa sett sér stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sjóða í rekstri félagsins. Í stefnunni er að finna lista yfir aðila sem koma má þöntunum til. Stefnan er aðgengileg fjárfestum á vefsíðu félagsins, www.islandssjodir.is. Sjóðir í rekstri Íslandssjóða nýta sér ekki þjónustu miðlara í skilningi 20. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2020.

ÝMSAR UPPLÝSINGAR

Hvorki stjórnarmenn Íslandssjóða hf. né framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. hafa fengið lán hjá félaginu, né hefur félagið gengist í ábyrgðir fyrir þá. Engir skilmálar eru í gildi um kaup stjórnarmanna og starfsmanna á hlutabréfum í félaginu eða á hlutdeildarskírteinum IS EQUUS Hlutabréfum.

MARKMIÐ, FJÁRFESTINGARSTEFNA, FJÁRFESTINGARHEIMILDIR, EIGNA-SAMSETNING, FJÁRFESTINGARADFERÐ, ÁRANGUR, ÁHÆTTUÞÆTTIR O.FL.

Markmið, fjárfestingarstefna og fjárfestingarheimildir

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum skráðum í kauphöll á Íslandi, (Nasdaq Iceland og Nasdaq First North) eða öðrum fjármálagerningum þeim tengdum þ.e. afleiðum þar sem undirliggjandi eignir eru hlutabréf skráð í kauphöll á Íslandi. Þá er sjóðnum einnig heimilt að fjárfesta í félögum sem skráð eru í erlendri kauphöll enda séu þau með heimilisfesti á Íslandi. Ávöxtunarviðmið sjóðsins er OMXI10GI hlutabréfavisitalan sem reiknuð er út af Nasdaq Iceland. Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en viðmið sjóðsins.

Fjárfestingarstefna: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í hlutabréfum skráðum í kauphöll á Íslandi, (Nasdaq Iceland og Nasdaq First North) eða í hlutabréfum skráðum í erlendri kauphöll enda séu þau með heimilisfesti á Íslandi. Sjóðurinn leitast við að fjárfesta í traustum fyrirtækjum sem eru talin vera í vexti og eru vanmetin m.v. vöxt hagnaðar og stuðst er við grunngreiningu. Til þess að auka vænta ávöxtun mun sjóðurinn fjárfesta í fáum félögum hverju sinni sem hefur jafnframt þau áhrif að áhættudreifing verður minni. Fjárfesting í afleiðum vegna stöðutöku er einnig liður í fjárfestingarstefnu sjóðsins og mun sjóðurinn með virkum hætti nýta sér afleiðusamninga til að framfylgja fjárfestingarstefnu sinni sem mun fela í sér skuldsetningu (vogun) af hálfu sjóðsins.

Fjárfestingarheimildir: Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður og honum er því heimilt að nýta sér eftirfarandi liði 93. gr. laga nr. 45/2020:

- binda allt að 20% af eignum sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum, skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda, sbr. 1. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna. Heimildin veitir sjóðnum aukið svigrúm til fjárfestinga í einstökum útgefendum.
- binda allt að 20% af eignum sjóðsins í innlánnum sama fjármálafyrirtækis, sbr. 2. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- binda allt að 10% af eignum sjóðsins í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan EES eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan EES sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt, sbr. 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- Fjárfesta í fjárfestingarsjóðum fyrir allt að 25% af eignum sjóðsins. Fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði má þó ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins, sbr. 5. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- binda að hámarki 20% af eignum sjóðs í sérhæfðum sjóðum skv. 6. tölul. 89. gr. laga nr. 45/2020, sbr. 6. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- Fjárfesta í óskráðum innlendum hlutabréfum, en þó að hámarki 40%. Fjárfesting í óskráðum hlutabréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs, sbr. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.

Aðrar fjárfestingarheimildir 93. gr. laganna mun sjóðurinn ekki nýta. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast að öðru leyti við fjárfestingarheimildir X. kafla laga nr. 45/2020.

Sjóðnum er heimilt að skortselja skráða fjármálagerninga, þ.e. selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu sjóðsins á þeim tíma sem sala þeirra fer fram. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem sjóðurinn hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af eignum sjóðsins, sbr. 3. mgr. 95. gr. laganna.

Sjóðnum er heimilt, skv. 90. gr. laga nr. 45/2020, að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Þá er sjóðnum heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af eignum sjóðsins, skv. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020.

Þá er sjóðnum heimilt að binda allt að 60% eigna sinna í innlánnum fjármálafyrirtækja sé það mat sjóðsstjóra að markaðsaðstæður séu tímabundið óhagstæðar til fjárfestinga í hlutabréfum.

Að lokum er sjóðnum heimilt að fjárfesta í skráðum og óskráðum afleiðum, sbr. 4. og 5. tl. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 45/2020, vegna stöðutöku og til að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað. Fjárfesting í afleiðum skal að hámarki nema 50% af eignum sjóðsins. Sjóðnum er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu, sbr. 1. mgr. 92. gr. laganna. Þar af leiðandi getur heildaráhætta sjóðsins ef lántökuheimild og afleiðunotkun er fullnýtt verið allt að 175% af hreinni eign sjóðsins.

Sundurliðun fjárfestingarheimilda skv. fjárfestingarstefnu

Eignaflokkur	Eign, %*	Lág.,%	Hám.,%
Skráð hlutabréf	60,9	25	100
Hlutabréf innlendra félaga skráð í erlenda Kauphöll	17,3	0	30
Óskráð hlutabréf	0,2	0	40
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	60
Verðbréfasjóðir	0	0	25
Fjárfestingarsjóðir	0	0	25
Sérhæfðir sjóðir skv. 6. tl. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 45/2020	11,1	0	20
Önnur verðbréf	0	0	25
Afleiður vegna stöðutöku	45,0	0	50
Laust fé	4,2		

* m.v. 1. nóvember 2020

Viðmið

Viðmiðunarvísitala sjóðsins er OMXI10GI.

Fjárfestingaraðferð

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignarástöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar. Fjárfestingar sjóðsins eru fjármagnaðar með útgáfu hlutdeildarskírteina.

Breytingar á fjárfestingaraðferð eða fjárfestingarstefnu sjóðsins

Stjórn Íslandssjóða hf. setur reglur sjóðsins, sem inniheldur fjárfestingaraðferð og fjárfestingarstefnu, og getur breytt þeim á lögmætum stjórnarfundi ef meirihluti stjórnarmanna er samþykktur og að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Breytingarnar skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

Árangur

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

Fyrri árangur sjóðsins


* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	Frá stofnun
IS EQUUS Hlutabréf	19,1	18,6	6,2	5,7

* m.v. 1. nóvember 2020

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár
IS EQUUS Hlutabréf	15,1	14,9	3,0

* m.v. 1. nóvember 2020

Ársávöxtun IS EQUUS Hlutabréfa



*sjóðurinn var stofnaður á árinu 2017

Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í fimm ár eða lengur og þola miklar verðsveiflur. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni. Þróun síðustu ára sýnir að verð á innlendum hlutabréfum sveiflast mikið og niðursveiflur geta verið langar. Afleiðunotkun sjóðsins getur valdið meiri sveiflum í ávöxtun sjóðsins heldur en ef hann nýtir sér ekki afleiður.

Fjárfesting í afleiðum

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður til stöðutöku. Sjóðurinn notar stöðutökur í þeim tilgangi að auka vægi sitt í einstaka hlutabréfum en mun samt sem áður halda fjárfestingum sínum innan fjárfestingarstefnu sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að nota afleiður til að draga úr áhættu. Draga má úr áhættu með því að festa verð á hlutabréfum vegna fyrirsjáanlegra innlausna, endurfjárfestingaráhættu eða vegna annarra markaðsaðstæðna.

Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar, þar sem hlutabréf eru keypt eða seld framvirkt. Með framvirkum samningi skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi hlutabréf á ákveðnu verði í framtíðinni. Í framvirkum samningi felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta sem farið er yfir hér í kafla um áhættustig sjóðsins. Þá mun sjóðurinn einnig nýta sér valrétti, þar sem sjóðurinn hefur réttinn en er ekki skuldbundinn til að eiga viðskipti með hlutabréf á ákveðnu verði í framtíðinni. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Með vísan til 4. og 5. tl. 1. mgr. 89. gr.

laga nr.45/2020 er sjóðnum heimilt að eiga viðskipti með skráðar og óskráðar afleiður, enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á raunvirði hverju sinni.

Afleiður skulu ekki vera meira en 50% af hreinni eign sjóðsins og notar sjóðurinn einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustaða sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó. Þar sem sjóðurinn notast við einfalda samninga eru undirliggjandi eignir gerðar upp á markaðsvirði (e. mark-to-market). Sjóðurinn tekur mið af lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða ásamt framseldri reglugerð ESB nr. 231/2013.

Áhættustig sjóðsins

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun á hlutabréfamarkaði. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum fjármálagerningum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í fjárfestingarsjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í fjárfestingarsjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra fjármálagerninga sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni.

Áhættustig sjóðsins er birt í lykilupplýsingum sjóðsins.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Ef verð á hlutabréfum á markaði lækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins og að sama skapi ef verð á hlutabréfum á markaði hækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á hlutabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á hlutabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Breytingarnar geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á eignum sjóðsins ef verðmæti þeirra ræðst af aðstæðum á markaði.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn hlutabréfa né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) **Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla hlutafélaga á markaði** – Íslenskur hlutabréfamarkaður er smár í sniðum. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnisæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur er margir og dreifðir. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda hlutabréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefanda hafa víðtækari áhrif en annars myndi verða (e. ripple effect).
- d) **Frammistöðuáhætta** – Markmið sjóðsins er að ná betri árangri en fyrirframskilgreind viðmiðunarvísitala. Þar sem stýring sjóðsins telst virk getur árangur sjóðsins verið betri eða verri en áður nefnd viðmiðunarvísitala og felur það í sér frammistöðuáhættu.

- e) **Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti fjárfestingarsjóða.
- f) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- g) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.
- h) **Mótaðilaáhætta** – Hættan á tapi sjóðsins sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað, svo sem vegna afleiðuviðskipta.
- i) **Áhætta tengd afleiðunotkun til stöðutöku** – Framvirkir samningar fela í sér skuldsetningu þegar þeir eru nýttir til stöðutöku. Skuldsetningin hefur þau áhrif að lítil breyting á verðmæti undirliggjandi eignar getur haft hlutfallslega mikil áhrif á verðmæti afleiðusamningsins með tilheyrandi jákvæðum eða neikvæðum afleiðingum fyrir sjóðinn. Þegar hlutabréf eru keypt framvirkt þá er sjóðurinn skuldbundinn til að kaupa tiltekin hlutabréf á fyrirfram ákveðnu gengi og tíma í framtíðinni. Ef gengið á hlutabréfinu er lægra en gengið samkvæmt samningnum á gjalddaga samningsins þá er sjóðurinn að kaupa bréfin á hærra verði en markaðsverði og því myndast tap af samningnum. Þessu er svo öfugt farið þegar bréf eru seld framvirkt. Valréttir veita hins vegar sjóðnum réttinn en ekki skylduna til að kaupa eða selja tiltekin bréf á fyrirfram ákveðnu gengi og tíma í framtíðinni. Fyrir þennan rétt greiðir sjóðurinn þóknun. Ef um er að ræða kauprétt og gengi hlutabréfsins er lægra á gjalddaga samningsins en samningsgengið þá nýtir sjóðurinn sér ekki kaupréttinn og hámarkstapið sem sjóðurinn verður fyrir er sú þóknun sem hann greiddi fyrir kaupréttinn. Ef hins vegar gengi hlutabréfanna er hærra á gjalddaga samningsins en samningsgengið þá nýtir sjóðurinn sér kaupréttinn og hagnast um sem nemur mismuninum á samningsverðinu og verðinu á hlutabréfinu að fráreginni þóknun vegna samningsins. Þessu er svo öfugt farið með sölurétt. Sjóðurinn getur einnig selt kauprétt og sölurétt og fær þá greidda þóknun fyrir en er hins vegar á móti skuldbundinn til að kaupa eða selja bréfin eftir því hvort um kaup- eða sölurétt er að ræða.
- j) **Áhætta tengd skortsölu** – Fjárfesting í afleiðum sem fela í sér að undirliggjandi eign er fengin að láni og seld í þeim tilgangi að hagnast á lækun á virði hennar. Ef virði undirliggjandi eignar lækkar ekki eða jafnvel hækkar þá leiðir það til neikvæðra áhrifa á verðmæti afleiðusamningsins með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum fyrir sjóðinn.

REGLUR FYRIR IS EQUUS HLUTABRÉF

I. kafli: Heiti, tegund, rekstrarform og deildaskipting

1. grein

Sjóðurinn heitir **IS EQUUS Hlutabréf hs., kt. 690517-9570** og starfar í einni sjóðsdeild. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður og starfar skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og sækir fjárfestingarheimildir í X. kafla fyrrnefndra laga. Sjóðurinn er rekinn í formi hlutdeildarsjóðs.

II. kafli: Rekstraraðili

2. grein

Íslandssjóðir hf., 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er rekstraraðili sjóðsins skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í því felast m.a. fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu og umsýsla, þ.e. útreikningur á innlausnarvirði, eftirlit, viðhald hlutaskrár o.fl.

Ekki verður skipt um rekstraraðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og staðfesting Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á breytingum reglna sjóðsins þess efnis. Tilkynna skal hlutdeildarskrárteinistöfum ef breyting verður á rekstraraðila sjóðsins.

III. kafli: Markmið, fjárfestingarstefna og fjárfestingarheimildir

3. grein

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum skráðum í kauphöll á Íslandi, (Nasdaq Iceland og Nasdaq First North) eða öðrum fjármálagerningum þeim tengdum þ.e. afleiðum þar sem undirliggjandi eignir eru hlutabréf skráð í kauphöll á Íslandi. Þá er sjóðnum einnig heimilt að fjárfesta í félögum sem skráð eru í erlendri kauphöll enda séu þau með heimilisfesti á Íslandi. Ávöxtunarviðmið sjóðsins er OMXI10GI hlutabréfavísitalan sem reiknuð er út af Nasdaq Iceland. Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en viðmið sjóðsins.

Fjárfestingarstefna: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í hlutabréfum skráðum í kauphöll á Íslandi, (Nasdaq Iceland og Nasdaq First North) eða í hlutabréfum skráðum í erlendri kauphöll enda séu þau með heimilisfesti á Íslandi. Sjóðurinn leitast við að fjárfesta í traustum fyrirtækjum sem eru talin vera í vexti og eru vanmetin m.v. vöxt hagnaðar og stuðst er við grunngreiningu. Til þess að auka vænta ávöxtun mun sjóðurinn fjárfesta í fáum félögum hverju sinni sem hefur jafnframt þau áhrif að áhættudreifing verður minni. Fjárfesting í afleiðum vegna stöðutöku er einnig liður í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestingarheimildir: Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður og honum er því heimilt að nýta sér eftirfarandi liði 93. gr. laga nr. 45/2020:

- binda allt að 20% af eignum sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum, skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda, sbr. 1. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna. Heimildin veitir sjóðnum aukið svigrúm til fjárfestinga í einstökum útgefendum.
- binda allt að 20% af eignum sjóðsins í innlánnum sama fjármálafyrirtækis, sbr. 2. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.



- c) binda allt að 10% af eignum sjóðsins í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálfyrirtæki innan EES eða fjármálfyrirtæki með staðfestu utan EES sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt, sbr. 3. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- d) Fjárfesta í fjárfestingarsjóðum fyrir allt að 25% af eignum sjóðsins. Fjárfesting í sama fjárfestingarsjóði má þó ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins, sbr. 5. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- e) binda að hámarki 20% af eignum sjóðs í sérhæfðum sjóðum skv. 6. tölul. 89. gr. laga nr. 45/2020, sbr. 6. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.
- f) Fjárfesta í óskráðum innlendum hlutabréfum, en þó að hámarki 40%. Fjárfesting í óskráðum hlutabréfum eins útgefanda má ekki fara yfir 10% af eignum fjárfestingarsjóðs, sbr. 7. tl. 1. mgr. 93. gr. laganna.

Aðrar fjárfestingarheimildir 93. gr. laganna mun sjóðurinn ekki nýta. Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast að öðru leyti við fjárfestingarheimildir X. kafla laga nr. 45/2020.

Sjóðnum er heimilt að skortselja skráða fjármálagerninga, þ.e. selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu sjóðsins á þeim tíma sem sala þeirra fer fram. Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem sjóðurinn hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meiru en 20% af eignum sjóðsins, sbr. 3. mgr. 95. gr. laganna.

Sjóðnum er heimilt, skv. 90. gr. laga nr. 45/2020, að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmuni hlutdeildarskirteinishafa fyrir augum. Þá er sjóðnum heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af eignum sjóðsins, skv. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020.

Að lokum er sjóðnum heimilt að fjárfesta í skráðum og óskráðum afleiðum, sbr. 4. og 5. tl. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 45/2020, vegna stöðutöku. Fjárfesting í afleiðum skal að hámarki nema 50% af eignum sjóðsins. Sjóðnum er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu, sbr. 1. mgr. 95. gr. laganna. Þar af leiðandi getur heildaráhætta sjóðsins ef lántökuheimild og afleiðunotkun er fullnýtt verið allt að 175% af hreinni eign sjóðsins.

Sundurliðun fjárfestingarheimilda skv. fjárfestingarstefnu

Eignaflokkur	Lágm.,%	Hám.,%
Skráð hlutabréf	25	100
Hlutabréf innlendra félaga skráð í erlenda Kauphöll	0	30
Óskráð hlutabréf	0	40
Innlán fjármálfyrirtækja	0	60
Verðbréfasjóðir	0	25
Fjárfestingarsjóðir	0	25
Sérhæfðir sjóðir skv. 6. tl. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 45/2020	0	20
Önnur verðbréf	0	20
Afleiður vegna stöðutöku	0	50

Handwritten signature and initials in blue ink, including a stylized 'JBJ' and 'RB' with '243' below it.

IV. kafli: Vörsluaðili

4. grein

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er vörsluaðili sjóðsins sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020 og sér um varðveislu og umsjá fjármálagerninga sjóðsins samkvæmt samningi. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf.

V. kafli: Þóknun rekstraraðila

5. grein

Umsjónarlaun til Íslandssjóða hf. fyrir rekstur sjóðsins er að hámarki ákveðinn hundraðshluti á ári og reiknast af meðalstöðu eigna. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðsins. Umsjónarlaun sjóðsins eru 1,85% og eru innheimt mánaðarlega.

VI. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn

6. grein


Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga jafnan rétt til tekna og eigna hans í hlutfalli við hlutdeild sína.

Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því, sem eru staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar, sbr. 74. gr. laga nr. 45/2020.

7. grein

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini sjóðsins að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu innlausnarverði sem gildir í dagslok þess dags þegar fyrir máli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru móttækin af söluaðila sjóðsins. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina máli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóðurinn staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur yfir en nauðsyn krefur. Hún skal tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um leið og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við þá tilkynningu. Frestun skal jafnframt auglýst opinberlega á heimasíðu Íslandssjóða. Að öðru leyti gilda ákvæði 87. gr. laga nr. 45/2020 um frestun innlausnar.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er hægt að kaupa og innleysa hjá Íslandsbanka á Hagasmára 3, 201 Kópavogi eða í útibúum Íslandsbanka hf. á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Einnig geta viðskiptavinir lagt sjálfir fram viðskiptapantanir í sjóðinn í netbanka Íslandsbanka. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum (T+2). Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum. Nánari upplýsingar um tilhögun viðskipta og viðmiðunartíma viðskipta er að finna í útboðslýsingu.



8. grein

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e.ekki arðgreiðslusjóður. Tekjur af sjóðnum verða endurfjárfestar og endurspeglast í verði hlutdeildarskírteina.

9. grein

Innlausnarvirði sjóðsins er heildarmarkaðsvirði eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina.

VII. kafli: Samruni, slit og breyting á reglum

10. grein

Sjóður verður ekki sameinaður öðrum sjóði nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. Fjárfestingarsjóðir sem hyggjast renna saman skulu gera sameiginlega samrunaáætlun. Samrunar eru aðeins heimilir að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Um samruna sjóðsins gildir ákvæði 84. gr. laga nr. 45/2020.

Við sameiningu sjóðsins við aðra sjóðsdeild skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá hlutdeild í sameinaðri sjóðsdeild í hlutfalli við eign sína og eigendum tilkynnt um sameininguna. Eigendur hlutdeildarskírteina skulu þó hafa a.m.k. 30 daga frá því að slík tilkynning hefur verið send, til að innleysa hlutdeildarskírteini sín samkvæmt reglum viðkomandi sjóðsdeildar, áður en hlutdeildarskírteini í sameinaðri sjóðsdeild eru gefin út. Hlutdeildarskírteini samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum sjóðanna án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna. Eigendum hlutdeildarskírteina er heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfa- eða fjárfestingarsjóð með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnað af Íslandssjóðum. Innlausnarskyldan tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans.

Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti ásamt upplýsingum um eign þess aðila í hverjum sjóði fyrir sig.

11. grein

Sjóðnum verður ekki slitið nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. Komi til slita sjóðsins verður öllum eignum sjóðsins eða söluandvirði þeirra ráðstafað til hlutdeildarskírteinishafa hlutfallslega í samræmi við eign þeirra í sjóðnum.

Tilkynna skal um slit sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti. Tilkynning skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og fyrirhugaða dagsetningu gildistöku slitanna. Tilkynna skal um slit sjóðsins til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við 17. gr. laga nr. 45/2020.

12. grein

Stjórn Íslandssjóða hf. setur reglur þessar og getur breytt þeim á lögmætum stjórnarfundi ef meirihluti stjórnarmanna er samþykkur. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingarnar skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.




Kópavogi, 17. nóvember 2020

Stjórn Íslandssjóða hf.




Tanya Zharov



Jensína Kristín Böövarsdóttir



Kristján Björgvinsson



Sigurður B. Stefánsson

ÚTDRÁTTUR ÚR LÖGUM NR. 45/2020 UM REKSTRARAÐILA SÉRHÆFÐRA SJÓÐA

Úr X. kafla B: Fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða

B. Fjárfestingarheimildir.

89. gr.

Fjármálagerningar og innlán.

Fjárfestingarheimildir taka til fjárfestingarsjóðs eða til einstakra deilda hans sé hann deildaskiptur. Fjárfestingarsjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum.
2. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóða og annarra sérhæfðra sjóða enda sýni rekstraraðili fjárfestingarsjóðsins fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir sérhæfðu sjóðir lúti sambærilegu eftirliti og fjárfestingarsjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggt með sambærilegum hætti og í fjárfestingarsjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin séu út ársreikningur og árschlutauppgjör a.m.k. á sex mánaða fresti.
3. Innlánum fjármálafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan EES. Þó er fjárfestingarsjóði heimilt að binda fé í innlánum fjármálafyrirtækja með staðfestu utan EES sýni hann með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins fram á að fjármálafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan EES. Innlán samkvæmt þessum tölulíð verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
4. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði í skilningi laga um kauphallir eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan EES sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem fjárfestingarsjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
5. Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem fjárfestingarsjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðillar fjárfestingarsjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.
6. Öðrum sérhæfðum sjóðum en skv. 2. tölul.

90. gr.

Aðrar eignir.

Fjárfestingarsjóði er heimilt að binda eignir sínar í innlánum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

91. gr.

Yfirtaka eigna og hrávörur.

Fjárfestingarsjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjött og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Fjárfestingarsjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

92. gr.

Afleiðuviðskipti.

Fjárfestingarsjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Fjárfestingarsjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi að samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í þessum kafla. Eftirlitskerfi rekstraraðila skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Fjárfestingarsjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að fjárfestingarsjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

93. gr.

Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum.

Fjárfestingarsjóði er heimilt að binda að hámarki:

1. 20% af eignum sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum og afleiðum, skráðum á skipulegum verðbréfamarkaði, útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% í einum útgefanda.
2. 30% af eignum sjóðs í innlánum sama fjármálafyrirtækis.
3. 10% af eignum sjóðs í viðskiptum við sama aðila með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða ef mótaðili er fjármálafyrirtæki innan EES eða fjármálafyrirtæki með staðfestu utan EES sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið telur gilt.
4. 35% af eignum sjóðs í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan EES eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs.
5. 20% af eignum sjóðs í sama verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði eða öðrum sérhæfðum sjóði skv. 2. tölul. 89. gr.
6. 20% af eignum sjóðs í sérhæfðum sjóðum skv. 6. tölul. 89. gr.
7. 10% af eignum sjóðs í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda.

Samanlögð eign sjóðs í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, afleiðum og innlánum sama útgefanda má aldrei verða hærri en 40%.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt ákvæði þessu.

Samanlögð eign sjóðs í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstraraðila eða móðurfélagi hans, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af hópi tengdra viðskiptamanna í skilningi laga um fjármálafyrirtæki skal ekki vera meiri en 40% af eign sjóðsins. Um skyldu rekstraraðila til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjárfestingarsjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 4. tölul. 1. mgr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Slíkar fjárfestingar skulu dreifast á a.m.k. sex mismunandi útgáfur og má fjárfesting í einni og sömu útgáfunni ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum fjárfestingarsjóðs. Skýrt skulu koma fram í reglum fjárfestingarsjóðs og útboðslysingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréfa- eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í.

94. gr.

Takmarkanir á eignasafni.

Fjárfestingarsjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi.
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefanda verðbréfa.
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og sérhæfðra sjóða.
4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefanda.

95. gr.

Lán, ábyrgðir og skortsala.

Fjárfestingarsjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó 89. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu.

Fjárfestingarsjóði er heimilt að taka að láni til skamms tíma allt að 25% af verðmæti eigna sjóðs.

Metið hámarkstap af viðskiptum með verðbréf sem fjárfestingarsjóður hefur ekki ráðstöfunarrétt yfir skal ekki nema meira en 20% af eignum sjóðsins. Skortsala á óskráðum verðbréfum er óheimil.

96. gr.

Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting fjárfestingarsjóðs fram úr hámrörum samkvæmt þessum kafla skal rekstraraðili þegar í stað gera ráðstafanir til úrbóta og tilkynna Fjármálaeftirlitinu án tafar þar um.

Ráðstafanir til úrbóta skulu gerðar í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu hlutdeildarskírteinishafa.